

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um akstursíþróttir og aksturskeppni,
nr. 257, 18. apríl 2000.

1. gr.

2. grein reglugerðarinnar orðist svo:

Leyfi til aksturskeppni skal einungis veita eftirtöldum aðilum:

- a) Vélhjóla- og vélsleðaíþróttanefnd ÍSÍ vegna keppni ökutækja með þrjú hjól eða færri.
- b) Landssambandi íslenskra akstursfélaga vegna keppni ökutækja með fjögur hjól eða fleiri.

Aksturskeppni skal fara fram undir yfirstjórn fulltrúa sem lögreglustjóri samþykkir.

2. gr.

4. mgr. 16. greinar reglugerðarinnar, c. lið, er þannig breytt að í stað tölunnar „80“ kemur talan „85“.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt heimild í 34. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 21. febrúar 2005.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Mosfellsbæ.

Deiliskipulag frístundasvæðis úr landi Miðdals, frístundalóð við Silungatjörn, þjóðskrárn. 9000-2150.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti deiliskipulag frístundasvæðis úr landi Miðdals, Mosfellsbæ, á fundi sínum þann 8. desember 2004.

Skipulagstillagan nær til frístundalóðar sem er 0,67 ha að stærð sem er austan við Silungatjörn. Lóðin nær að vatnsbakka.

Uppdráttur hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu þessa. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Deiliskipulag Blikastaðaness.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti deiliskipulag fyrir Blikastaðanes, Mosfellsbæ, á fundi sínum þann 8. desember 2004.

Heimil verður uppbygging á 9 viðbótarbrautum við golfvöll Golfklúbbsins Kjalar, fram-tíðaruppbyggingu mannvirkja fyrir klúbbinn, jafnframt því sem lagðir verða stígar um landið. Samhliða uppbyggingu á golfbrautunum verður heimilt efnisnám allt að 150 þús. m³, samkvæmt nánari skilmálum í skipulagsgreinargerð og samningum þar að lútandi.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu þessa. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar, 28. febrúar 2005.

Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur.

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfirði.

Breyting á deiliskipulagi athafnasvæðis í Hellnahrauni 1. áfanga, lóðirnar Berghella 1 og 4.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 9. nóvember 2004 breytingu á deiliskipulagi athafnasvæðis í Hellnahrauni 1. áfanga, lóðirnar Berghella 1 og 4 í Hafnarfirði. Breytingin felst m.a. í sameiningu lóða nr. 1 og 4 í lóð nr. 1 við Berghellu. Byggingarreitur lóðar nr. 4 er stækkaður og jafnframt er gatan Berghella stytta. Að öðru leyti gilda skilmálar svæðisins. Farið var með breytinguna skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi fyrir „Móhellu 4“.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 31. ágúst 2004 breytingu á deiliskipulagi fyrir „Móhellu 4“ í Hafnarfirði. Breytingin felur í sér að mörk byggingarreits til vesturs og suðurs verða 10 m frá lóðarmörkum. Farið var með breytinguna skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun. Breytingin öðlast þegar gildi.

Deiliskipulag vegna Valla, 4. áfanga.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 14. september 2004 deiliskipulag fyrir „Velli, 4. áfanga“ í Hafnarfirði. Deiliskipulagið felur m.a. í sér lóðir fyrir 53 einbýlishús og 7 íbúðir í raðhúsum. Farið var með breytinguna skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfis- og tæknisviði Hafnarfjarðar, 25. febrúar 2005.

Bjarki Jóhannesson sviðsstjóri.